

Svæðisráðsfundur Norðursvæðis Vatnajökulsþjóðgarðs 20. Október 2009.

Mættir: Ingólfur Ásgeir Jóhannesson frá umhverfisverndarsamtökum, Ingvar Þóroddsson frá Samtökum Útivistarfélaga, Böðvar Pétursson frá Skútustaðahrepp, Friðrika Sigurgeirsdóttir frá Þingeyjarsveit, Katrín Eymundsdóttir frá Norðurþingi og Hjörleifur Finnsson þjóðgarðsvörður sem ritar fundargerð. Gestur fundarins er Sigbrúður Stella Jóhannsdóttir frá Náttúrustofu Norðausturlands, sem kynnir vinnu við verndaráætlun.

Dagskrá:

- Verndaráætlun, athugasemdir vegna aðalskipulags Norðurþings.
- Verndaráætlun, drög að skipulagi slóðamála.
- Vatnsveita Jökulsárgljúfrum.
- Staða Dettifossvegar.
- Önnur mál.

Verndaráætlun, athugasemdir vegna aðalskipulags Norðurþings:

Unnar voru lokabreytingar á athugasemdum við drög að aðalskipulagi Norðurþings. Hjörleifi falið að færa þær inn og senda á Böðvar sem svo sendir bréfið til skipulagsyfirvalda í Norðurþingi.

Verndaráætlun, drög að skipulagi slóðamála:

Farið var lauslega yfir drög Sigbrúðar Stelli að skipulagi vega, fjallvega og slóðamála. Skapaðist nokkur umræða um fjallvegi og slóða hálendisins. Niðurstaðan var að Böðvar annarsvegar og Friðrika hinsvegar, færu með drögin og kynntu þau skipulagsyfirvöldum sinna sveitarfélaga; Skútustaðahrepp og Þingeyjarsveit. Ekki var talin þörf á að kynna þetta sérstaklega skipulagsyfirvöldum Norðurþings, þar sem það færi í gegnum aðalskipulagsvinnuna þar á bæ.

Vatnsveita Jökulsárgljúfrum:

Í tengslum við gerð athugasemda við drög að aðalskipulagi Norðurþings kom upp umræða um Ásveitu, vatnsveituna sem sér Ásbyrgi; Ástjörn, búðinni, Ási og tjaldstæði fyrir vatni. Fram kom hjá þjóðgarðsverði, að jafnvel þótt rekstur veitunnar hefði gengið vel og áfallalaust fyrir sig síðastliðið ár, væri um flókna veitu að ræða sem umgangast þyrfti af fagmennsku. Byrðin af rekstrinum hefur legið á þjóðgarðinum, sem þó ekki býr yfir sérfræðikunnáttunni til að reka slíka veitu. Við þetta bætist að hótélbygging, sem gert er ráð fyrir í aðalskipulagi, mun tengjast Ásveitu.

Svæðisráð er sammála þjóðgarðsverði að gott væri að sveitarfélagið Norðurþing tæki að sér rekstur vatnsveitunnar. Þjóðgarðsvörður tekur að sér að leitast fyrir um það hjá sveitarfélaginu.

Staða Dettifossvegar:

Þjóðgarðsvörður kynnir stöðu á framkvæmdum við Dettifossveg. Nýjustu fréttir eru þær að þjóðgarðsvörður frétti af því í fjölmiðlum að vegagerðin hafi seinkað verklokum á fyrsta áfanga

Dettifossvegur um 1 ár, frá 2010 til 2011. Þegar gengið var á Guðmund Heiðreksson hjá vegagerðinni um ástæður seinkunarinnar bar hann við skorti á fjárveitingum og tilmælum um almenna seinkun á framkvæmdahraða.

Svæðisráð tekur undir með Þjóðgarðsverði að þessi seinkun, sem óvissu með framkvæmdir við áfanga 2. og 3 sé skaðleg ferðaþjónusta við Öxarfjörð þar sem hætt er við að öll umferð sem áður kom niður Hólsfjallaveg, fari niður að Dettifossi að vestan og snúi við aftur upp á hringveg, og fyrir vikið minki ferðamannastraumur í Öxarfirði og út á Sléttu. Einnig sé þetta afar óheppilegt fyrir Vatnajökulsþjóðgarð þar sem nýleg Gestastofa þjóðgarðsins í Ásbyrgi verði skorin frá megin ferðamannastraumnum sem hún átti að þjóna.

Ennfremur tekur svæðisráð undir með Þjóðgarðsverði að seinkunin sé ekki í samræmi við Umhverfismat framkvæmdarinnar sem gerir ráð fyrir eins skjóttum framkvæmdatíma og mögulegt er svo og að samráð við þjóðgarðsyfirvöld hafi vantað, sem einnig er brot á því sem fram kemur í umhverfismati.

Önnur mál:

Mögulegar framkvæmdir við salerni að Dettifossi að vestan ræddar, með tilliti til staðsetningar bílastæðis og þjónustusvæðis.